

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1592/1999

2001/EES/26/30

frá 20. júlí 1999

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2238/93 um fylgiskjöl vegna flutnings á vínafurðum og aðrar skrár sem þarf að halda(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1627/98⁽²⁾, einkum 3. mgr. 71. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2238/93⁽³⁾ er mælt fyrir um nákvæmar reglur um beitingu fylgiskjala með vínafurðum, með fyrirvara um beitingu tilskipunar ráðsins 92/12/EBE⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/99/EBE⁽⁵⁾, og reglur um skrár sem þarf að halda innan víngeirans.
- 2) Í 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2238/93 er aðildarríkjunum gefinn möguleiki á að setja viðbótar- eða sérákvæði um viðkomandi afurðir sem eru í umferð á yfirráðasvæði þeirra. Í einu þessara ákvæða er mælt fyrir um að í stað upplýsinga um eðlismassa þrúgulagar megi, á aðlögunartímabili, koma tilvísun til eðlismassa í Oechsle-gráðum. Upprunalegur aðlögunartími rann út 31. ágúst 1996. Smærri framleiðendur landbúnaðarafurða hafa einkum fylgt þessari hefð. Um tíma fóru fram umræður um ýmsar þarfur breytingar á þessari reglugerð en þær leiddu ekki til neinnar endanlegrar niðurstöðu vegna þess að beðið var eftir því að ný sameiginleg skipulagning markaðarins tæki gildi. Ný sameiginleg skipulagning markaðarins hefur nú verið samþykkt og tekur gildi 1. ágúst 2000. Á grundvelli þessa ber að endurinnleiða viðkomandi ákvæði þangað til nýja skipulagningin tekur gildi. Því skal 31. júlí 2000 koma í stað viðkomandi dagsetningar.

- 3) Nýr lokunarbúnaður fyrir lítil ílát undir vínafurðir er í notkun í bandalaginu. Því ber að breyta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2238/93 þannig að hann megi teljast til „viðurkennds lokunarbúnaðar“ í skilningi hliðar 2. gr. þeirrar reglugerðar.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 2238/93 er breytt sem hér segir:

1. Í d-lið 1. mgr. í 18. gr. komi dagsetningin „31. júlí 2000“ í stað „31. ágúst 1996“.
2. Í stað 1. liðar I. viðauka komi eftirfarandi:
 - „1. Sívalir tappar úr korki eða öðru hvarflausu efni, með eða án tæknilegs umbúnaðar, einkum í formi loks eða skífu. Þessi tæknilegi umbúnaður skal gerður ónot- hæfur við opnun og má vera úr:
 - áli,
 - málmblöndu,
 - krumpuplasti,
 - pólývínýlklóríði með áltoppi,
 - vaxi sem hæfir til matvælavinnslu, hvort sem það er þakið öðrum hvarflausum efnum eða ekki.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.
Gjört í Brussel 20. júlí 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 188, 21.7.1999, bls. 33, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2000 frá 31. mars 2000 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 27, 15.6.2000, bls. 20.

(¹) Stjtið. EB L 84, 27.3.1987, bls. 1.

(²) Stjtið. EB L 210, 28.7.1998, bls. 8.

(³) Stjtið. EB L 200, 10.8.1993, bls. 10.

(⁴) Stjtið. EB L 76, 23.3.1992, bls. 1.

(⁵) Stjtið. EB L 8, 11.1.1996, bls. 12.